Bændur græða landið 2016

Ársskýrsla

Landgræðsla ríkisins 2017
LR 2017/06

Bændur græða landið 2016
Ársskýrsla

Sunna Áskelsdóttir

2017

Forsíðumynd: Sigurjón Einarsson starfsmaður Landgræðslunnar og bændurnir á Hrísum í Flókadal, þau Dagbjartur Dagbjartsson og Þórdís Sigurbjörnsdóttir á uppgræðslusvæði þeirra. Sjá má á myndinni að ýmislegt s.s. fyrningar og ull eru notuð við landgræðslustarfið, Ljósm. Sunna Áskelsdóttir.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2015/06

Dagsetning: 28. mars

Fjöld blaðsíðna: 4

Heiti: Bændur græða landið 2016: Ársskýrsla

Höfundar: Sunna Áskelsdóttir

Verkefnisstjóri: Sunna Áskelsdóttir

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Útdráttur: Verkefnið bændur græða landið er samstarfsverkefni Lr og bænda um stöðvun rofs og uppgræðslu lands og áburði og fræi. Lr styrkir bændur um 85% af verði þess áburðar sem dreift er auk þess að útvega fræ þar sem þess þarf. Árið 2016 voru 556 skráðir þátttakendur og af þeim sátu 498 virkir. Þeir báru á 960 tonn af áburði og um sáðu um 7 tonnum af fræi.

Efnisorð:
Bændur græða landið, BGL, þátttaka, uppgræðsla, áburður, fræ, styrkur, héraðssetur, bændur, samvinna,

Sunna Áskelsd.

Undirskrift verkefnisstjóra

BÆNDUR GRÆÐA LANDIÐ

Bændur græða landið (BGL) er samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar um uppgræðslu heimalanda. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum árið 1994 en fyrirrennarinn var óformlegra samstarf bænda og Landgræðslunnar. Markmið verkefnisins er einkum uppgræðsla heimalanda og skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að á landinu séu lítt eða ógróin svæði og að beitarálag þar sé hóflegt. Starfsmenn Landgræðslunnar sjá um faglega ráðgjöf og eftirlit með verkefninu en þátttakendur sjá um beina vinnu við verkefnið, s.s. áburðargjöf og sáningu. Landgræðsla ríkisins styrkir bændur um 85% af verði uppgræðsluáburðar og lætur þeim í té fræ ef þess gerist þörf. Árið 2015 var tilraunaverkefni með lífræna þátttökuleið hleypt af stokkunum sem tekin verður út 2017, þegar árangur þriggja sumra verður ljós.

Mynd 1. Gísli Þórðarson bóndi á Spágilsstöðum í Dölum á uppgræðslusvæði sínu.

ÞÁTTTAKA OG FRAMKVÆMD

Árið 2016 var styrkupphæðin 56.500 kr. á hvert tonn en var 63.700 kr. árið 2015. Styrkupphæðin lækkaði því í því um 11 % á milli ára í samræmi við lækkun á meðaláburðarverði. Framkvæmd verkefnisins var með hefðbundnu sniði. Tíðarfar var gróðri afar hagstætt. Það voraði snemma og haustaði mjög seint.

Tafla 1. *Fjöldi þátttakenda eftir héraðssetrum árið 2015, magn áburðar og fræs sem dreift var*

		Virkir þátttakendur		Áburður			Fræ		
Héraðssetur	**Fjöldi þáttt.**	***Fjöldi***	***%***	***Magn (t)***	***%***	***meðaltal á hvern virkan þátttakanda***	***Magn (kg)***	***%***	***meðaltal á hvern virkan þátttakanda***
Gunnarholt	112	105	93,8	175	18,2	1,7	975	14,3	9,3
Hvanneyri	117	104	88,9	172,3	17,9	1,7	120	1,8	1,2
Sauðárkrókur	143	132	92,3	252,8	26,3	1,9	2100	30,9	15,9
Húsavík	108	91	84,3	246,5	25,7	2,7	2940	43,3	32,3
Egilsstaðir	76	66	86,8	113,3	11,8	1,7	660	9,7	10,0
Samtals	**556**	**498**	**89,2**	**959,9**	**100**	**1,9**	**6795**	**100**	**13,7**

Þátttakendur dreifðu 960 tonnum af áburði og 6.800 kg af fræi var sáð. Ef gert er ráð fyrir að hvert tonn af áburði dugi til dreifingar á 5 um hektara lands, má ætla unnið hafi verið á um 5000 ha árið 2016 hjá þátttakendum verkefnisins. Fjöldi þátttakenda stóð nánast í stað á milli áranna 2015 og 2016. Skráðum þátttakendum fækkaði úr 565 í 556 en þeir sem voru virkir á árinu voru

498 miðað við 507 í fyrra. Það er hjásetuhlutfall upp á 10% eins og í fyrra og hefur aðeins einu sinni verið lægra, 8% árið 2008. Hjásetuhlutfall er nokkuð mismunandi milli landshluta, lægst í umdæmi Héraðssetursins í Gunnarsholti en hæst á Húsavík. Hver þátttakandi dreifði að meðaltali um 1,9 tonnum af áburði og sáði 13,7 kg af fræi en ekki nema hluti þátttakenda notar fræ. Í töflu 1 er gerð grein fyrir þátttökuhlutfalli, áburðar-og frænotkun á héraðssetrum og meðalnotkun á hvern virkan þátttakanda.

Ef borin er saman þátttaka og áburðar-og frænotkun á svæði hvers héraðsseturs kemur í ljós töluverður munur milli héraðssetra. Þennan mun má að mestu leyti rekja til mismunandi aðstæðna og staðhátta. Fjöldi þátttakenda er mestur í umdæmi héraðssetursins Sauðarkróki, minnstur á Egilsstöðum en nokkuð jafn á hinum héraðssetrunum. Áburðarnotkun helst nokkuð í hendur við fjölda þátttakenda en þó eru áburðarskammtar þátttakenda á Húsavík hæstir en lægstir eru þeir á Hvanneyri, í Gunnarsholti og á Egilsstöðum. Frænotkun er líka langmest á Húsavík en nær helmingur alls fræs innan verkefnisins er notað á starfssvæði þess, minnst er notkunin hinsvegar á Hvanneyri. Sjá töflu 1.



Mynd 2. Breytingar á áburðarnotkun í BGL árin 1997-2016

Eins og sjá má á mynd 2 jókst áburðarnotkun þátttakenda stöðugt á árunum 1997-2008, úr tæpum 800 tonnum í um 1.250 tonn. Frá árinu 2008 hefur notkunin dregist nokkuð saman, tók dýfu 2012, án þess að þátttakendum hafi fækkaði en þá var markvisst dregið úr áburðarmagni hjá aðilum sem voru með háa áburðarskammta. Síðan þá hefur áburðarnotkun í verkefninu verið nokkuð stöðug, en minnst var hún árið 2014.



Mynd 3. Meðal áburðar-og frænotkun hvers þátttakanda í BGL á árunum 1997-2016

Magn áburðar á hvern þátttakanda var mest 2,3 tonn árið 2007, var 1,8 tonn árið 1997 og er nú komið niður í svipaða tölu og þá eða 1,9 tonn. Meðalfrænotkun hefur hins vegar dregist saman með árunum vegna þess að við upphaf landgræðslu er fræþörf að jafnaði mest (mynd 4). Með tímanum hefur það að auki sýnt sig að fræþörf mela og lítt gróins lands er víða ekki eins mikil og ætlað var. Á slíkum svæðum gefur væg áburðargjöf oft á tíðum jafn góðan árangur og sáning. Það fer þó eftir hvers gerð og eðli melanna er.



Mynd 4. Þátttaka sundurliðuð eftir virkum þátttakendum og þeim sem sátu hjá árin 1997-2016

Á mynd 4. má sjá að frá upphafi og til ársins 2008 fjölgaði skráðum þátttakendum jafnt og þétt og voru flestir skráðir 658 árið 2006. Sá fjöldi hélst nokkuð jafnt fram til ársins 2012 þegar þeim tók að fækka. Virkir þátttakendur voru hins vegar flestir 587 árið 2008. Síðan þá hefur virkum þátttakendum fækkað nokkuð, þó minna en skráðum þátttakendum, þannig að hlutfall virkra þátttakenda hefur aukist.

ÞÁTTTÖKULEIÐ MEÐ LÍFRÆNUM ÁBURÐAREFNUM

Árið 2015 fór af stað þriggja ára tilraunaverkefni innan BGL með lífræn áburðarefni. Vilji var til þess að koma til móts við þá sem vilja nota lífræn áburðarefni til uppgræðslu á landi. Þrír aðilar eru með í verkefninu og verður verkefnið tekið út haustið 2017 að tilraunatímabílinu loknu.

KOSTNAÐUR

Sértekjur verkefnisins voru eingöngu framlög sveitarfélaga sem námu kr. 1.926.000. Kostnaður vegna verkefnisins var kr. 77.581.642 og er sundurliðaður í töflu 2.

Tafla 2. Sundurliðun kostnaðar við BGL verkefnið árið 2015

	Kr.	%
Áburðarstyrkir til bænda	54.922.320	70,8
Fræstyrkir til bænda	7.431.165	9,6
Launakostnaður	8.038.321	10,4
Akstur, ferða- og fæðiskostnaður	1.712.063	2,2
Auglýsingar og prentun	65.100	0,1
Umsjón	5.412.673	7,0
Samtals	**77.581.642**	

LOKAORÐ

Verkefnið á upphaf sitt að rekja til svokallaðs heimalandaverkefnis sem hófst árið 1990 og hefur því verið rekið með nær óbreyttu sniði í 25 ár. Frá upphafi hefur BGL verið eitt af mikilvægustu verkefnum Landgræðslunnar og fyllilega sannað gildi sitt. Í gegnum verkefnið hefur fjölmörgum hekturum ógróins eða illa farins lands verið umbreytt í gróið land, jarðvegsrof hefur verið stöðvað, auk þess sem verkefnið er grundvöllur öflugs og náins samstarfs Landgræðslunnar við bændur og aðra landeigendur um allt land. Með verkefninu hefur skilningur bænda á landnotkun og landgræðslu aukist og einnig hefur bæst verulega í þekkingarbrunn Landgræðslunnar.